Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26110046

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Vísað er fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um fjárfestingaráætlun 2027, dags. 12. nóvember sl., sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði og umhverfis- og skipulagssviði þann 19. nóvember sl. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Í frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2027 er fjárfestingaráætlun Eignasjóðs sett fram með mun minni sundurliðun en undanfarin ár. Þar sem áður voru tilgreindar fjárheimildir til einstakra framkvæmda eru nú víða birtar heildarfjárhæðir undir almennum heitum. Óskað er eftir sundurliðun allra samantekinna fjárfestingarliða niður á einstök verkefni ásamt áætlaðri fjárhæð hvers verkefnis árið 2027“.

Svar:

Á undanförnum árum hefur fjárfestingaráætlun Eignasjóðs verið birt með sundurliðun á einstök verkefni og áætluðum fjárhæðum þeirra. Við gerð fjárfestingaráætlunar fyrir árið 2027 var ákveðið að breyta framsetningunni og birta fjárheimildir með samandregnari hætti.

Markmið breytingarinnar er að gæta fjárhagslegra hagsmuna Reykjavíkurborgar við opinber innkaup og útboð. Birting áætlaðra fjárhæða einstakra verkefna getur veitt væntanlegum bjóðendum upplýsingar um fjárhagsleg viðmið verkkaupa og haft áhrif á verðmyndun tilboða. Með breyttri framsetningu er leitast við að draga úr þeirri áhættu og skapa betri forsendur fyrir hagkvæmum innkaupum og virkri samkeppni.

Jafnframt er ljóst að breyting á framsetningu fjárfestingaráætlunar ein og sér nægir ekki til að ná þessu markmiði. Samkvæmt núverandi verklagi eru kostnaðaráætlanir einstakra verkefna einnig lagðar fram við afgreiðslu heimilda til útboða í borgarráði og geta þannig orðið opinberar áður en tilboð berast. Því er mikilvægt að endurskoða með heildstæðum hætti verklag við framsetningu og birtingu fjárhagsupplýsinga á mismunandi stigum fjárfestingarverkefna.

Við þá endurskoðun þarf að tryggja að kjörnir fulltrúar hafi fullnægjandi upplýsingar til að sinna ákvörðunar- og eftirlitshlutverki sínu, samhliða því að gætt sé fjárhagslegra hagsmuna borgarinnar við útboð. Sérstaklega þarf að skoða hvernig unnt sé að haga framlagningu kostnaðaráætlana við afgreiðslu útboðsheimilda þannig að viðkvæmar

upplýsingar um kostnaðarviðmið verkkaupa verði ekki opinberar fyrir útboð, að því marki sem lög og reglur heimila.

Breytt framsetning fjárfestingaráætlunar er því liður í að bæta verklag við meðferð fjárhagsupplýsinga vegna fjárfestingaverkefna. Áfram verður unnið meið sundurliðaðar kostnaðaráætlanir við undirbúning, forgangsröðun og fjárhagslegt eftirlit með einstökum verkefnum.

Unnið er að því að endurskoða verklag við birtingu kostnaðaráætlana fjárfestingarverkefna og það verði tekið til heildstæðrar endurskoðunar, bæði við framlagningu fjárfestingaráætlunar og við afgreiðslu heimilda til útboða, með það að markmiði að samræma upplýsingagjöf, tryggja nauðsynlegt gagnsæi og gæta fjárhagslegra hagsmuna Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík